

Verkís - Egilsstaðir
Björn Halldórsson
Kaupvangi 3b
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 23. maí 2012

Tilvísun: 201203004 / 5.2

Efni: Sorpurðun í landi Tjarnarlands, Fljótsdalshéraði. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Verkís verkfræðistofu, f.h. Fljótsdalshéraðs, að matsáætlun um Sorpurðun í landi Tjarnarlands á Fljótsdalshéraði.

Verkís sendi Skipulagsstofnun erindi dags. 17. apríl 2012 ásamt tillögu að matsáætlun:

Fljótsdalshérað. Sorpurðun í landi Tjarnarlands, Fljótsdalshéraði. Verkís. Apríl 2012.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Fljótsdalshéraði, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Austurlands og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Fljótsdalshéraði með tölvubréfi dags. 22. maí 2012, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 14. maí 2012, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 14. maí 2012 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. maí 2012. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með tölvubréfum dags. 15. og 18. maí 2012.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Verkís, f.h. Fljótsdalshéraðs, að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem Verkís setti fram í tölvubréfum dags. 15. og 18. maí 2012 og með eftirfarandi athugasemdum.

Framkvæmd og starfsemi

Í köflum 3.2 og 3.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um umfang urðunarstaðarins. Þar kemur fram heildarumfang hans skv. deiliskipulagi og einnig stærð urðunarstaðarins og magn sorps sem urða á skv. 1. áfanga uppbyggingar urðunarstaðarins en í þeim áfanga er sú framkvæmd sem er til umfjöllunar nú í mati á umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun bendir á að ekki virðist vera fullt samræmi milli textaumföllunar um umfang staðar og magn sorps í kafla 3.2 í tillögu að matsáætlun, töflu 1 í kafla 3.3 og myndar 2 á bls 10. Þannig kemur fram í texta í kafla 3.2 að urðunarhólf 2 og 3 séu samtals um 18.000 m² en í töflu 1 og mynd 2 eru þau sögð 11.000 m². Þá er í texta talað um urðunarhólf B og C sem ekki er getið um í töflu 1 eða sýnd á mynd 2. Gert er ráð fyrir í texta að um verði að ræða 68.000 tonn af úrgangi sem urðað verði en magntölur í töflu 1 eru aðrar. Í frummatsskýrslu þarf að vera skýrt samræmi í umfjöllun um stærð og magn á milli texta, upplýsinga í töflu og mynda.

Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum

Í kafla 4.3.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um landslag og ásýnd. Skipulagsstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að gera ráð fyrir að birta ljósmyndir af urðunarstaðnum sem væru teknar frá mismunandi sjónarhornum. Síðan væri gerð tilraun til þess að færa inn á ljósmynd þær ásýndarbreytingar sem hugsanlega verða á svæðinu með tilkomu mannvirkja og urðunar sorps.

Í kafla 4.3.3 í tillögu að matsáætlun er fjallað um grunnvatn. Fyrir liggur að urðunarstaður hefur verið rekinn um nokkuð skeið að Tjarnarlandi. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun mikilvægi þess að auk þess sem í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir vöktunaráætlun umhverfisþátta á meðan á rekstri urðunarstaðarins standi og að rekstri loknum þá verði einnig birtar fyrirliggjandi niðurstöður grunnvatnssýnatöku vegna eldri urðunarstaðar. Upplýsingar þurfa að koma fram um hvar og hve oft sýni hafi verið tekin og einnig að hvort að um hafi verið að ræða breytingar á styrk mengandi efna þó að styrkur mengandi efna hafi ekki verið yfir reglugerðarmörkum. Þá leggur Skipulagsstofnun áherslu á, í samræmi við umsögn Umhverfisstofnunar, að í frummatsskýrslu komi fram áætlanir um fullnægjandi ráðstafanir til að tryggt verði að framkvæmdirnar hafi eins lítil áhrif og kostur er á gæði og rennsli vatns og grunnvatns í nágrenni framkvæmdasvæðisins.

Rut Kristinsdóttir

Jakob Gunnarsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna.

Afrit: Fljótsdalshérað, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Austurlands og Umhverfisstofnun.